

# Héraðsdómur Vestfjarða

Dómur 20. nóvember 2020.

Mál nr. S-134/2020:

## Ákærvaldið

(Dagmar Ösp Vésteinsdóttir settur saksóknari)

gegn

X

(Sigurður Freyr Sigurðsson lögmaður)

(Gunnhildur Pétursdóttir réttargæslumaður brotþola)

## Dómur:

Mál þetta var þingfest 22. september 2020 og dómtekið 5. nóvember. Málið höfðaði Héraðssaksóknari með ákæru útgefinni 27. ágúst 2020 á hendur ákærða, X, kt. 000000-0000, [...], [...], fyrir nauðgun, með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. september 2019, í svefnherbergi Y, kt. 000000-0000, að [...], [...], eftir að Y var sofnuð, án hennar samþykkis, farið með hönd sína inn fyrir buxnastræng hennar og stungið fingri inn í leggöng hennar, en ákærði notfærði sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefnþrunga.

Er háttsemin talin varða við 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Í ákæru er tekin upp einkaréttarkrafa Y, hér eftir brotþola. Hún krefst þess að ákærði verði dæmdur til greiðslu 2.000.000 króna miskabóta með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. september 2019 til þess dags er mánuður er liðinn frá birtingu bótakröfunnar, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laganna til greiðsludags. Þá verði ákærði dæmdur til greiðslu réttargæsluþóknunar.

Ákærði krefst þess aðallega að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins og að framlagðri bótakröfu verði vísað frá dómi, en til vara verði hann dæmdur til vægustu refsingar sem lög leyfa og dæmdar bætur stórlega lækkaðar. Þá verði málsvarnarlaun verjanda greidd úr ríkissjóði.

*I. Forsaga máls.*

Snemma árs 2019 tókst vinskapur með ákærða og brotaþola og urðu þau brátt trúnaðarvinir. Hafa bæði sagt að þau hafi litið á hvort annað sem sinn besta vin. Þau deildu tónlistarsmekk, bæði höfðu áhuga á bílum og fór brotaþoli stundum með ungan son sinn á verkstæði til ákærða. Þau ræddu mikið saman í síma og ákærði sótti hana oft heim, sér í lagi eftir að brotaþoli trúði honum fyrir því að hún glímdi við sjálfvígshugsanir og ákærði skynjaði að henni leið illa. Sumarið 2019 fóru þau að skemmta sér og skildi ákærði bílinn sinn eftir fyrir utan heimili brotaþola. Þau urðu síðan samferða í leigubíl heim til brotaþola og varð úr að ákærði fengi að gista hjá henni svo hann þyrfti ekki að sækja bílinn sinn daginn eftir. Að sögn brotaþola átti ákærði að sofa í stofusófa, en þegar til kom lögðust þau bæði upp í tvíbreitt hjónarúm hennar, hún íklædd náttbuxum og bol og hann í nærbuxum einum klæða. Ákærða og brotaþola greinir ekki á um að hann hafi reynt að fá hana til lags við sig í rúminu, verið með reistan lim og strokið brjóst hennar, hún strax tekið hönd hans burt, sagt honum að hún vildi þetta ekki, ákærði þá hætt og þau farið að sofa. Brotaþoli kveðst strax þarna hafa gert ákærða ljóst að þau væru bara vinir og að þau yrðu aldrei annað og meira. Ákærði er sammála því að ekki hafi verið um ástarsamband að ræða á þessum tímamarki, en honum hafi þó fundist „eins og það væri að byggjast upp“, svo vitnað sé í lögregluskýrslu ákærða 9. október 2019. Hann segir brotaþola hvorki þá né síðar hafa sagt honum að hún hugsaði bara um hann sem vin og að aldrei yrði meira úr sambandinu og ákærði alltaf haldið og vonað að „sambandið myndi fara lengra“ vegna þess hve nán þau voru orðin. Ákærða og brotaþola ber saman um að fyrst eftir atvik þetta hafi samband þeirra verið hálfvandráðalegt, en vináttan ekki breyst.

Ákærði hélt upp á [...] ára afmæli sitt laugardaginn [...] 2019 og bauð brotaþola og fleira fólki í party í sumarbústað foreldra sinna, steinsnar frá [...]. Áfengi var haft um hönd. Um miðnætti fóru brotaþoli og ákærði ásamt fleira fólki á veitingastaðinn [...] og hittu þar meðal annars C systur brotaþola. Við lokun staðarins varð ákærði viðskila við brotaþola. Hún kíkti í eftirparty, stoppaði stutt við og tók svo leigubíl heim um kl. 04 aðfaranótt sunnudags. Hún kveðst ekki hafa verið í djammstuði, neytt áfengis í hófi og vart verið með áfengisáhrifum þegar heim kom. Ákærði fór aftur í bústaðinn með félögum sínum, hringdi þaðan nokkrum sinnum í brotaþola og reyndi að fá hana til sín í eftirparty. Er ágreiningslaust að þau hafi meðal annars ræðst við þegar brotaþoli sat í leigubílnum, að hún hafi þá sagst vera búin að fá nóg af næturskemmtan og ætla ein heim. Er þangað kom settist brotaþoli inn í eldhús og fékk sér Cheerios. Á meðan hún

var að borða hringdi ákærði aftur, kl. 04:37 samkvæmt staðfestum gögnum um símanotkun þeirra beggja. Skömmu síðar kom ákærði í leigubíl heim til brotaþola og hleypti hún honum inn í íbúð sína. Eru deildar meiningar um hvað síðan gerðist.

## *II. Lögreglurannsókn.*

### 1.

Föstudaginn 20. september kom brotaþoli ótilkvödd á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir kynferðisbrot aðfaranótt sunnudagsins 8. september. Hún kvaðst hafa verið að fá sér Cheerios þegar ákærði hringdi í hana kl. 04:37, hún sagt honum að hún væri heima og hann skellt á. Skömmu síðar hafi hún séð ákærða stíga ölvadan út úr leigubíl. Hún hafi hleypt honum inn, þau talað saman, hún því næst sagt honum að fara að sofa og farið inn á baðherbergi til að þrifa af sér andlitsfarða og burstatennur. Þar hafi hún fengið myndsímtal frá C systur sinni. Meðan á samtalinu stóð hafi ákærði bankað á hurðina og verið með læti. Brotaþoli hafi svo klætt sig í náttföt „frá toppi til táar“; sokka, nærbuxur, síðar svartar náttbuxur og nátttreyju og farið inn í svefnherbergi. Þar hafi ákærði legið upp í hjónarúminu, á vinstri hlið þess frá dyragættinni séð, í nærbuxum einum klæða og með sæng hennar yfir sér. Hún hafi lagst á hina hlið rúmsins og dregið teppi yfir sig. Hún kvað ákærða hafa verið að hlusta á tónlist í símanum sínum, síminn orðið batteríslaus, brotaþoli þá kveikt á Spotify í sínum síma, stillt á 30 mínútna prógramm með rólegri tónlist, boðið ákærða góða nótt, snúið sér á vinstri hliðina, með bakið í ákærða og sofnað undir teppinu. Lagalistinn hafi verið runninn á enda þegar hún svo vaknaði á bakinu með skringilega tilfinningu, eins og hana væri að dreyma, fann ákærða þétt upp við hana, andandi í eyra hennar og með fingur í leggöngum hennar. Hún hafi frosið, en síðan ýtt ákærða í burtu og spurt hvað hann væri að gera. Ákærði hafi svarað því til að hann „væri bara að gera gott“, brotaþoli bent honum á að hún hafi verið sofandi og vildi þetta ekki, skipað honum að fara fram í sófa, en strax snúist hugur og vísað honum á dyr laust fyrir kl. 07 um morguninn. Þegar ákærði var farinn hafi brotaþoli hringt í B vinkonu sína og sagt henni frá því sem gerðist. B hafi svo komið til hennar um kvöldið. Sama dag hafi brotaþoli sótt son sinn úr pössun hjá A fyrrum tengdamóður sinni, sagt henni frá því sem gerðist og A hvatt hana til að fara á sjúkrahús, sem hún gerði. M vinkona hennar hafi svo heimsótt hana sama kvöld og brotaþoli greint henni frá atvikum. Brotaþoli kvaðst hafa farið í sömu náttfötum á sjúkrahúsið og sett þau til hliðar þegar heim kom.

2.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hringdi C í brotaþola kl. 05:04 að morgni sunnudagsins og ræddust þær við í 17 mínútur. Einnig liggur fyrir að brotaþoli hringdi í B kl. 07:10.

3.

Samkvæmt læknaþréfi E tók hún á móti brotaþola við komu á sjúkrahús um kl. 16 á sunnudeginum. Í þréfinu segir að brotaþoli hafi grátið og verið í miklu uppnámi, en gefið skýra frásögn af atburðum. Er skráð atvikalýsing í öllum meginatriðum samhljóða frásögn brotaþola hjá lögreglu. Haft er eftir brotaþola að hún væri ekki viss um hvort hún myndi kæra atvikið til lögreglu.

Þá liggur fyrir bréf F hjúkrunarfræðings 23. október 2019, sem veitti brotaþola stuðningsviðtöl í kjölfar meints brots. Þar er greint frá mikilli vanlíðan brotaþola, sjálfsvígshugsunum og svefnörðugleikum. Brotaþola líði illa heima hjá sér, forðist að fara út og óttist geranda. Hún hafi greinst með alvarleg einkenni þunglyndis og kvíða og uppfyllt greiningarskilmerki áfallastreituröskunar. Í þréfinu kemur fram að brotaþoli „á sjálfsvígstilraun að baki á þessu ári“.

Einnig liggur fyrir skýrsla D lögreglumanns, sem ljósmyndaði vettvang 23. september og tók við plastpoka með náttfötum brotaþola. D staðfesti skýrsluna fyrir dómi og bar að framlagðar myndir af náttfötum brotaþola sýndu sömu föt og voru í pokanum.

4.

B gaf skýrslu hjá lögreglu 3. október. Hún kvaðst vera nánin vinkona brotaþola og hafa vaknað við símhringingu frá henni um kl. 07 að morgni sunnudagsins 8. september. Brotaþoli hafi verið hágrátandi og átt erfitt með orð, en á endanum greint frá því að hún hefði vaknað skömmu áður við þá hræðilegu upplifun að ákærði lá að hluta til ofan á henni, andaði í eyra hennar og hafi brotaþoli fundið fyrir fingrum hans inni í kynfærum hennar. Hún hafi vísað ákærða á dyr og strax hringt í B. Brotaþoli hafi hringt aftur seinna um daginn og sagt frá atvikum á sama hátt. B hafi svo farið heim til brotaþola um kvöldið, hlýtt á frásögn hennar þriðja sinni og sú frásögn verið ítarlegri. Hafi þá komið fram að brotaþoli hafi farið í afmælispartý til ákærða, þaðan í eftirpartý og hún svo farið ein heim í leigubíl. Þar hafi brotaþoli verið að fá sér Cheerios þegar ákærði hafi birst og boðið sér inn. Brotaþoli hafi svo klætt sig í náttföt, kveikt á 30 mínútna lagalista, lagst til svefns í rúmi sínu og vaknað við það að ákærði var með fingur inni í kynfærum hennar. Að sögn

B hafi brotþola liðið mjög illa þegar hún greindi frá þessu og hún verið ólík sjálfri sér síðan.

5.

C gaf skýrslu sama dag. Hún kvaðst hafa hringt í brotþola aðfaranótt sunnudagsins 8. september, heyrt í karlmanni í bakgrunni, brotþoli sagt þetta vera ákærða og að hann hefði boðið sér heim til hennar. Brotþoli hafi svo hringt í C um hádegi á sunnudeginum, verið miður sín, grátið mikið og greint frá því að hún hafi sofnað í rúmi sínu og vaknað við það að ákærði lá hálfpartinn ofan á henni, andaði í eyra hennar og var með fingur inni í kynfærum hennar. Að sögn brotþola hafi hún orðið fyrir sjokki og rekið ákærða á dyr. C kvað brotþola enn vera miður sín vegna þessa atviks og eiga mjög erfitt uppdráttar.

6.

A gaf skýrslu 4. október 2019. Hún kvaðst þekkja brotþola vel og væri samband þeirra náíð. A kvaðst hafa verið að passa son brotþola og hún ætlað að sækja drenginn á sunnudeginum. Þegar A heyrði ekkert frá brotþola hafi hún sent henni skilaboð um kl. 14 og brotþoli komið skömmu síðar, náfö, útgrátin og ólík sjálfri sér. A hafi spurt hvort eitthvað hafi komið fyrir, brotþoli þá brostið í grát og greint frá því að hún hafi verið komin heim og í náttföt og verið að fá sér að borða þegar ákærði hefði boðið sér heim til hennar. Hún hafi síðan sofnað í rúmi sínu og vaknað undir morgun við það að ákærði lá við hlið hennar með fingur inni í leggöngum hennar. A hafi hvatt hana til að leita á sjúkrahús eða til lögreglu. Hún kvaðst finna mun á brotþola eftir þetta atvik, hún væri mjög döpur dagsdaglega og liði greinilega ekki vel.

7.

M gaf skýrslu 3. október. Hún kvaðst hafa fengið skilaboð frá brotþola sunnudaginn 8. september um að góður vinur hennar hafi brotið gegn henni um nóttina og hún vissi ekki hvað hún ætti að gera. M hafi leitað ráða hjá Stígamótum, í framhaldi haft samband við brotþola og hvatt hana til að fara á sjúkrahús. M hafi svo heimsótt brotþola um kvöldið. Brotþoli hafi verið niðurbrotin og greint frá því að ákærði hefði boðið sér heim til hennar um nóttina, brotþoli fengið sér að borða, því næst lagst til svefnis í rúmi sínu í náttfötum og ákærði þá legið við hlið hennar. Hún hafi svo vaknað einhverju síðar við það að ákærði lá ofan á eða við hlið hennar með fingur í kynfærum hennar. Brotþola hafi brugðið mjög við þetta, ýtt ákærða frá og spurt hvað hann væri að gera. Að sögn brotþola hafi hann svarað því til að „hann væri að gera gott“. Í kjölfarið

hafi brotápoli rekið ákærða á dyr. M kvaðst finna greinilegan mun á líðan brotáþola eftir umræddan atburð.

8.

Ákærði var yfirheyrður 9. október. Hann kvaðst hafa verið í miklu stuði umrætt kvöld og nótt og auðvitað fullur, „en ekkert eitthvað ógeðslega fullur“. Eftir að hann og félagar hans fóru aftur í sumarbústaðinn hafi hann hringt í brotáþola til að kanna hver staðan væri á henni. Í framhaldi hafi hann ákveðið að fara heim til hennar, tekið leigubíl og hún hleypt honum inn. Þau hafi talað saman í smá stund og í framhaldi ákveðið að hann myndi gista. Ákærði hafi „auðvitað“ lagst upp í rúmið hennar, brotápoli gert sig tilbúna og farið í náttföt inni á baðherbergi og einhverju síðar lagst undir sængina, þétt við hlið hans, í silkináttkjól og nærbuxum einum fata og þau byrjað „að kúra saman“. Ákærði lýsti þessu kúri þannig að brotápoli hafi legið á vinstri hlið, snúið baki í hann og hvílt á vinstri handlegg hans. Um 5 mínútum síðar hafi ákærði farið með hægri hönd sína „rólega niður á hana“, farið inn fyrir buxur, nuddað og strokið kynfæri hennar og sett örstutt einn fingur inn í leggöng. Hann kvaðst vera þess fullviss að brotápoli hafi verið vakandi á þeim tímapunkti. Þegar hún sýndi ekki merki um að hana langaði í ákærða hafi hann hætt. Um 10-15 mínútum síðar, þegar ákærði var við það að sofna, hafi brotápoli staðið upp úr rúminu og sagt að hann hefði puttað hana gegn vilja hennar. Ákærði kvað brotáþola þó aldrei hafa gefið til kynna að hún væri þessu mótfallin og tók hönd hans ekki frá eða neitt svoleiðis, sagði honum bara að fara fram í sófa og sofa þar. Ákærða kvaðst hafa liðið eins og asna eftir þetta, tekið fötin sín fram í stofu, klætt sig og farið út og gist hjá vini sínum, sem bjó í næsta nágrenni.

Ákærði var yfirheyrður öðru sinni 9. desember 2019. Nánar aðspurður um atvik í rúmi brotáþola kvaðst hann hafa lagst undir sæng í nærbuxum einum klæða, brotápoli lagst við hlið hans undir sænginni, snúið baki í hann og „svo byrjum við strax að vera saman upp í rúminu“. Ákærði kvaðst hafa haldið að samband væri á milli þeirra, byrjaði rólega „að fara niður“ og brotápoli þá gefið frá sér smá hljóð, „svona ah“ og virst alveg til í hann. Ákærði hafi þá haldið áfram í smá tíma, brotápoli ekki sagt neitt, hann þá hætt, snúið sér á bakið og farið að sofa. Nokkru síðar hafi brotápoli svo sagt að hún hafi ekki viljað þetta. Ákærði var beðinn um að útskýra orðið „kúra“ og spurður hvort brotápoli hafi snert hann. Hann sagði þau hafa legið þétt upp við hvort annað í rúminu, hann auðvitað haldið að hún væri til í hann, ákærði „gert þetta allt mjög rólega að reyna að sýna henni og svo bara gerist þetta“, hann hafi snert kynfæri brotáþola og hún gefið frá

sér „þetta hljóð, þú veist, ah, eins og þær gera“. Ákærði kvaðst auðvitað hafa átt að ræða við brotþola um mögulegt kynferðissamband áður en þau lögðust upp í rúmið, en hún hafi verið til í að fá hann heim og hefði átt að segja honum að hún vildi ekki kynferðislegt samneyti.

Ákærða hafnaði bótakröfu brotþola 27. janúar 2020.

### *III. Framburður ákærða fyrir dómi.*

Ákærði neitaði sök fyrir dómi. Hann greindi frá nánu vinasambandi við brotþola, játti rétt að þau hafi aldrei verið kærustupar, hann þó vonað að svo yrði og sagði þau stundum hafa kysst hvort annað, þó ekki tungukossi. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í sumarþústaðnum aðfaranótt sunnudagsins 8. september 2019 þegar hann hringdi í brotþola og spurði hvort hann mætti kíkja í heimsókn. Hún hafi ekki sagt beint „já“, en heldur ekki sagt þvert „nei“, ákærði ekki skilið hana svo að hún vildi ekki fá hann í heimsókn og því farið heim til hennar í leigubíl. Er þangað kom hafi hún hleypt honum inn, þau spjallað saman í dágóða stund, brotþoli síðan farið inn á bað til að skipta um föt fyrir nóttina, verið þar allengi og ákærði heyrt að hún ræddi við systur sína í síma. Á meðan hafi hann klætt sig úr öllu nema nærbuxum, lagst upp í rúmið hennar og beðið þess að hún kæmi. Þegar brotþoli kom inn í svefnherbergið hafi hún verið berleggjuð og í silkináttkjól, rennt sér upp í rúmið til hans, snúið baki í hann og þau legið með líkama sína þétt saman undir einni sæng þegar ákærði lagði aðra höndina á maga hennar. Hann kvaðst ekki hafa farið strax „niður“, en 5-10 mínútum síðar byrjað að fara rólega niður með höndina, strokið og nuddað kynfæri brotþola og hún þá gefið frá sér stunur. Ákærði hafi skilið þær svo að brotþoli vildi þetta og því hafi hann farið með fingur smá inn í leggöng hennar. Þegar hann svo heyrði ekki frekari stunur hafi hann strax hætt, lagst á bakið og farið að sofa. Um 10-15 mínútum síðar, þegar ákærði var við það að sofna, hafi brotþoli æst sig upp og sagt að hann hefði puttað hana án leyfis. Ákærði hafi orðið miður sín vegna þessara viðbragða, beðið brotþola afsökunar og sagt „fyrirgefðu, fyrirgefðu“, hún sent hann fram í stofu að sofa, en ákærða liðið eins og asna, ekki viljað sofa í stofusófanum og því farið til vinar síns og sofnað í sófa hjá honum. Ákærði kvaðst hafa haldið að brotþoli væri vakandi þegar hann káfaði á kynfærum hennar og setti fingur inn í leggöng. Hann sagði brotþola aldrei hafa snert hann með höndum þegar þau lágu í rúminu, en hún ýtt sér örlítið betur að honum. Ákærða voru sýndar ljósmyndir af þeim náttfatnaði sem brotþoli kveðst hafa verið í um nóttina og sagðist hann nær viss um að

hún hafi verið í nærbuxum og silkináttkjól, enda hafi hann fundið fyrir berum fótleggjum hennar í rúminu.

Ákærði kvaðst ekki hafa reynt að hafa samband við brotaþola eftir þetta, fyrst af því hann hafi verið svo miður sín yfir viðbrögðum hennar og síðan af því að hún eyddi honum út af samfélagsmiðlum. Ákærða kvaðst enn líða hörmulega yfir þessu, forðist að vera í bænum og hafi hellt sér í vinnu. Hann kvaðst sjá að hann hefði átt að teygja sig til brotaþola strax á eftir, sagðist enn þykja vænt um hana og skilji að henni líði líka illa.

#### *IV. Framburður brotaþola fyrir dómi.*

Brotaþoli greindi frá hinu nána vinsambandi við ákærða, kvaðst hafa borið mikið traust til hans og þau gert ýmislegt saman. Frá hennar sjónarhóli gat sambandið þó aldrei orðið annað og meira en vinasamband og hafi hún gert ákærða þetta ljóst þegar hann gisti hjá henni í fyrra skiptið, sumarið 2019. Sú afstaða hafi aldrei breyst og þau ekki einu sinni kysst hvort annað. Brotaþoli kvaðst hafa fengið símtal frá ákærða aðfaranótt sunnudagsins 8. september, hann spurt hvar hún væri og hvað hún væri að gera. Hún hafi sagst vera á leið heim og að kvöldið væri búið hjá henni. Hún hafi svo verið að fá sér Cheerios í eldhúsinu þegar hún sá leigubíl koma að húsinu og ákærða stíga út. Hún kvaðst ekki hafa boðið honum í heimsókn og hann ekki boðað komu sína, en þar sem ákærði var vinur sem hún treysti hafi hún hleypt honum inn. Ákærði hafi strax verið með dólglæti, tekið af henni Cheerios skálina og sótt sér kókómjólk úr ísskápnum. Hún kvaðst ekki hafa kært sig um að hafa hann á heimilinu, en þar sem hann var „svolítið fullur“ hafi hún sagt honum að fara bara að sofa. Hún hafi síðan sótt náttfötin sín, læst sig inni á baðherbergi, klætt sig þar í og gert sig tilbúna fyrir svefn. Á meðan hafi C systir hennar hringt myndsímtal og þær verið að ræða atburði kvöldsins þegar ákærði hóf að banka á hurðina og trufla samtal þeirra. C hafi spurt hvort einhver væri hjá henni, hún nafngreint ákærða og sagt að hann hafi bara birst heima hjá henni. Þegar brotaþoli kom síðan inn í svefnherbergi hafi ákærði legið uppi í rúmi undir sæng og í nærbuxum einum klæða. Brotaþoli hafi ekki kippt sér upp við þetta, lagst upp í rúmið hinum megin, í náttfötum frá toppi til táar, dregið til sín hvítt teppi, sem var til fóta í rúminu og breytt það yfir sig. Þau hafi svo talað saman í um 5 mínútur, hún þá sagt ákærða að fara að sofa, snúið baki í hann, boðið honum góða nótt og stillt símann sinn á 30 mínútna lagalista með rólegum lögum til að þau færu bæði að sofa. Brotaþoli kvaðst á engum tímapunkti hafa snert ákærða, sagði líkama þeirra ekki hafa snerst og hann ekki verið búinn að leggja



hönd sína yfir hana þegar hún sofnaði, eftir að hafa hlýtt á 2-3 lög á listanum. Listinn hafi verið runninn á enda þegar hún svo vaknaði á bakinu „við óþægilega tilfinningu“, með ákærða þétt upp við hana, hálfpartinn ofan á hægri hluta líkama hennar og verið að anda eða hálfpartinn stynja í eyra hennar. Um leið hafi hún fundið að hann var með fingur inni í leggöngum hennar og var á sama tíma „að gæða á sjálfum sér“, nærbuxnalaus. Brotapoli kvaðst hafa frosið, en síðan fundið kjark til að ýta ákærða frá. Þegar hún síðan spurði hvað hann væri að gera hafi hann sagt að hann „væri bara að gera gott“ við hana og hún spurt á móti: „Á meðan ég var sofandi?“ Hún kvaðst hafa beðið ákærða að fara út, hann stigið fram úr rúminu, klætt sig í föt og farið út. Um leið og hann var farinn hafi hún hnigið niður og brostið í grát, hringt í B bestu vinkonu sína og sagt henni frá því sem gerðist. Brotapoli kvaðst ekki vön því að sofa kappklædd, en hafi gert það í þetta skipti af því að ákærði gisti hjá henni. Hún kvaðst hafa verið í sömu náttfötum þegar hún fór á sjúkrahúsið síðar um daginn, setti þau svo við þvottavélina eftir að heim kom og afhenti síðan lögreglu. Hún sagði ákærða aldrei hafa beðið hana afsökunar á því að hafa brotið gegn henni. Hún kvaðst fyrst á eftir hvorki hafa getað litið í spegil né sofið í hjónarúminu og fann að líðan hennar bitnaði á umönnun sonarins. Hún kvaðst enn brotin, játti rétt að hún hafi áður búið við sjálfsvígshugsanir og sagði þetta atvik hafa ýft upp gömul sár.

#### *V. Framburður annarra vitna fyrir dómi.*

##### 1.

B bar að hún og brotapoli væru mjög góðir vinir og tali saman nær hvern dag. Hún kvaðst hafa vaknað við símhringingu frá brotapola að morgni sunnudagsins 8. september. Brotapoli hafi verið hágrátandi, átt erfitt með orð, B aðeins heyrt „X“ og vitað að eitthvað væri að. Í framhaldi hafi brotapoli greint frá því að hún hefði vaknað skömmu áður við það að ákærði lá að hluta til ofan á henni, andaði í eyra hennar og brotapoli fundið fyrir fingrum hans inni í kynfærum hennar. Að sögn brotapola hafi hún fyrst rekið ákærða fram og síðan sagt honum að fara út. Brotapoli hafi svo hringt aftur og sagt frá atvikum á sama hátt. B hafi í framhaldi farið heim til brotapola og hlýtt á frásögn hennar þriðja sinni. B kvaðst vita að brotapoli hafi fengið góða hjálp frá fagaðilum í kjölfar þessa atburðar, en það breytti ekki því að brotapoli treysti ekki fólki eins og hún áður gerði.

##### 2.

C systir brotapola bar fyrir dómi að hún þekkti ágætlega til ákærða, hafi stundum hitt hann á djamminu og hann ávallt verið viðkunnanlegur. Hún kvaðst aldrei hafa verið

með ákærða og brotþola í hópi, en systir hennar hafi sagt að hann væri mjög góður vinur sem hún treysti og fyndist því ekki óþægilegt þótt hann gisti hjá henni. C kvaðst hafa hringt í brotþola aðfaranótt sunnudagsins 8. september til að athuga hvort hún væri komin heim. Hún hafi svo hringt aftur og þær átt langt myndsímaspjall þar sem brotþoli var inni á baðherbergi. Brotþoli hafi verið háttuð og C séð náttreyju hennar á símaskjánum. Hún hafi og heyrt hávaða og læti hinu megin línunnar, brotþoli sagt að þetta væri ákærði og að hann hefði boðið sér heim til hennar. Daginn eftir hafi brotþoli svo hringt í C og greint frá því að hún hafi sofnað í rúmi sínu, með bakið í ákærða og þau með sitt hvora sængina og hún vaknað við það að ákærði var með fingur inni í kynfærum hennar. C sagði brotþola hafa náð að vinna örlítið úr áfallinu sem hún varð fyrir umrædda nótt, en eigi enn erfitt og geti ekki sinnt syni sínum eins og hún vildi. C kvaðst ekki vita til þess að brotþoli hafi orðið fyrir alvarlegum áföllum fyrir þetta atvik, en vissi að hún hafi fyrir þann tíma glímt við sjálfsvígshugsanir.

### 3.

A fyrrum tengdamóðir brotþola bar að þegar brotþoli kom að sækja son sinn úr pössun hafi hún verið í miklu uppnámi og A spurt hvort eitthvað hafi komið fyrir. Brotþoli hafi þá brostið í grát og greint henni frá því að ákærði hefði fengið að gista hjá henni um nóttina, hann átt að sofa frammi í stofu og hún vaknað í rúmi sínu við það að ákærði lá við hlið hennar með fingur í leggöngum hennar. Hún hafi spurt ákærða hvað hann væri að gera, sagt að þetta væri ekki rétt og beðið hann að fara út, sem hann gerði. A kvaðst hafa þekkt brotþola frá fæðingu og fyndi breytingu bæði á henni og syni hennar eftir þetta atvik. Hún taldi brotþola enn eiga eftir að vinna úr því áfalli sem hún varð fyrir.

### 4.

M kvaðst vera nán vinkona brotþola, þekkja til ákærða og vita að hann og brotþoli hafi verið góðir vinir. Hún kvaðst hafa fengið SMS skilaboð frá brotþola sunnudaginn 8. september og hún þar greint lauslega frá því sem gerst hefði. Í framhaldi hafi M heimsótt brotþola, hún þá verið grátandi og sagt frá því að ákærði hefði komið heim til hennar um nóttina, lagst upp í rúmið hennar og henni fundist það í lagi, en hún svo vaknað við það að ákærði var að snerta hana. Að sögn brotþola hafi hún spurt hvað hann væri að gera og ákærði svarað: „Ég var að gera gott“. M kvaðst merkja breytingar á brotþola eftir atvik þetta, hún í fyrstu dregið sig út úr vinkonuhópnum og lítið látið frá sér heyra.

5.

E staðfesti fyrir dómi læknabréfið, sem frá greinir í kafla II.-3. að framan og bar með sama hætti og þar segir um frásögn brotaþola. Hún kvað brotaþola hafa verið íklædda dökkum náttfötum og úlpu við komu á sjúkrahús.

6.

F hjúkrunarfræðingur staðfesti fyrir dómi bréf sitt, sem frá greinir í kafla II.-3. Hún kvað brotaþola hafa komið í nokkur viðtöl í kjölfar meints kynferðisbrots, hún borið mikil kvíðaeinkenni og greinst með ýmis önnur einkenni áfallastreituröskunar. F kvaðst ekki muna hvort brotaþoli hafi glímt við sjálfsvígshugsanir fyrir þennan atburð, en sagðist vita að hún ætti fyrri sögu um þunglyndi.

7.

G móðir ákærða bar að ákærði og brotaþoli hafi verið vinir í mörg ár og henni fundist vináttan vera að þróast yfir í kærustusamband þegar brotaþoli var farin að hringja heim til ákærða. G kvaðst ekki þekkja brotaþola og aldrei hafa séð hana og ákærða saman. Eftir meint brot hafi ákærði greint frá því hve illa honum liði, hversu nánir vinir hann og brotaþoli hafi verið og honum því fundist að þau hefðu getað rætt saman um þetta atvik, sem að sögn G hafði mjög slæm áhrif á ákærða. Hann hafi einangrað sig frá vinum, fari lítið út á meðal fólks og verji öllum sínum tíma í vinnu og að gera við bílana sína.

8.

H faðir ákærða kvaðst hafa vitað að ákærði væri í sambandi við einhverja stelpu, þau hringst á og ákærði heimsótt hana. H hafi haldið að þau væru par og ekki dottið annað í hug út frá því hvernig ákærði talaði um hana. Eftir að kæra var lögð fram hafi ákærði komið grátandi til hans og verið mikið niðri fyrir og H haldið að brotaþoli hafi sagt honum upp. Í framhaldi hafi ákærði greint frá því að hann hefði farið heim til brotaþola og þau lagst upp í rúm eins og ástvinir gera og hann hætt öllu þegar hún var ekki viljug. Hún hafi svo reiðst og rekið hann fram í stofu, en ákærði frekar viljað fara heim og brotaþoli þá reiðst hastarlega. H sagði atvik þetta hafa haft gríðarleg áhrif á ákærða. Hann hafi meira og minna hætt á djamminu, forðist að vera í bænum, ynni nær öllum stundum og verði frítíma sínum í að gera við bíla. Hann hafi svo nýlega leitað sér sálfræðiaðstoðar.

9.

I vinur ákærða kvaðst lítið vita um vinasamband ákærða og brotþola, ekki hafa skipt sér af því og aldrei verið með þeim tveimur. Hann sagði ákærða hafa greint frá málinu síðastliðið vor og á þann veg að ákærði hefði hringt í brotþola og þau mælt sér mót heima hjá henni. Þar hafi þau talað saman, brotþoli í framhaldi farið inn á baðherbergi að gera sig klára fyrir háttinn, ákærði á meðan háttað sig ofan í rúm, hún síðan komið inn í svefnherbergi og lagst hjá honum undir sæng. Þar hafi ákærði haldið utan um hana, einhver „spenna“ byggst upp á milli þeirra og ákærði í framhaldi strokið henni eitthvað. Brotþoli hafi stunið og virst njóta þess, en svo hætt þegar ákærði var kominn með fingur inn í leggöng hennar. Ákærði hafi þá strax hætt. Hún hafi svo rekið hann fram í stofu, en ákærði ákveðið að klæða sig og fara til vinar síns og gista þar. I bar að ákærði hafi áður verið mikil félagsvera og þeir hist flest kvöld, en í dag sé hann mjög þungur og loki sig af frá félögum sínum.

10.

J vinur ákærða bar fyrir dómi að hann hefði haldið að vinátta ákærða og brotþola væri þróast yfir í kærustusamband. Hann sagði ákærða hafa greint frá atvikum á þann veg að ákærði hefði farið heim til brotþola, þau farið „að dúlla sér inni í herbergi“, ákærði snert hana í rúminu, haldið að þau væru að fara að gera eitthvað, hún ekki viljað það og ákærði þá hætt og farið heim til vinar síns. J kvaðst hafa þekkt ákærða frá því í leikskóla og aldrei séð honum líða jafn illa og eftir þetta atvik.

11.

K lögreglumaður kom fyrir dóm vegna málsins, en hann er kvæntur föðursystur ákærða og þekkir hann vel. K bar ákærða mjög vel söguna og greindi frá því að ákærði hafi komið til hans niðurbrotinn að lokinni fyrri yfirheyrslu á lögreglustöð, enda staðið í þeirri trú að hann ætti að gefa skýrslu vegna óskylds máls, en þess í stað verið sakaður um kynferðisbrot. K kvaðst ekkert hafa komið að rannsókn málsins og aldrei rætt það við ákærða. Hann sæi hins vegar að frá sama tíma hafi ákærða liðið afskaplega illa, hann lokað sig af frá umheiminum og væri flestum stundum einn.

12.

L yfirlögregluþjónn stýrði rannsókn málsins. Hann staðfesti að ákærði hafi ekki vitað um tilefni skýrslugjafar þegar hann mætti fyrst á lögreglustöð og verið mjög brugðið þegar hann heyrði hvert sakarefnið væri.

*VI. Niðurstaða.*

1.

Samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála hvílir sönnunarbýrði um sekt ákærða og atvik sem telja má honum í óhag á ákærvaldinu og verður hann því aðeins sakfelldur að nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, teljist fram komin um hvert það atriði er varðar sekt, sbr. 1. mgr. 109. gr. Metur dómari enn fremur, ef þörf krefur, hvert sönnunargildi þær staðhæfingar hafa sem varða ekki beinlínis það atriði sem sanna skal en ályktanir má leið af um það, sbr. 2. mgr. 109. gr. Samkvæmt 1. mgr. 111. gr. laganna gildir og sú grundvallarregla að dómur skuli reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram við meðferð máls fyrir dómi.

2.

Ákærða er gefin að sök nauðgun samkvæmt 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með því að hafa aðfaranótt sunnudagsins 8. september 2019, í svefnherbergi brotþola, eftir að hún var sofnuð, án hennar samþykkis, farið með hönd sína inn fyrir buxnastræng brotþola og stungið fingri inn í leggöng hennar og ákærði notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum svefndruna.

Ákærði neitar sök og telur ósannað að brotþoli hafi verið sofandi og ekki getað spornað við þeirri háttsemi sem lýst er í ákæru. Hann gengst við því að hafa farið með aðra hönd sína inn fyrir nærbuxur hennar, strokið kynfæri hennar og sett fingur inn í leggöng, segir brotþola hafa brugðist við með því að gefa frá sér stunur, þær síðan hætt og ákærði þá strax tekið fingur úr leggöngum hennar. Fyrir þann tíma hafi honum verið ómögulegt að vita að brotþoli væri sofnuð. Ákærði hafi ekki haft ásetning til að brjóta gegn brotþola og beri af þeim sökum að sýkna hann af ákæru.

3.

Með lögum nr. 16/2018 var 194. gr. almennra hegningarlaga breytt og hljóða tveir fyrstu málsliðir 1. mgr. nú svo: „Hver sem hefur samræði eða önnur kynferðismök við mann án samþykkis hans gerist sekur um nauðgun og skal sæta fangelsi ekki skemur en 1 ár og allt að 16 árum. Samþykki telst liggja fyrir ef það er tjáð af frjálsum vilja.“

Samkvæmt 2. mgr. 194. gr. telst það einnig nauðgun og varðar sömu refsingu og mælt er fyrir um í 1. mgr. ef maður beitir blekkingum eða notfærir sér villu annars manns um aðstæður eða notfærir sér geðsjúkdóm eða aðra andlega fötlun manns til að hafa við hann samræði eða önnur kynferðismök, eða þannig er ástatt um hann að öðru leyti að hann getur ekki spornað við verknaðinum eða skilið þýðingu hans.

Í athugasemdum er fylgdu frumvarpi til nefndra breytingarlaga er áréttaður sá áskilnaður 194. gr., sbr. 18. gr. almennra hegningarlaga, að ásetningur sé ótvírætt saknæmisskilyrði nauðgunarbrotis og að ásetningur verði að taka til allra efnisþátta brots eins og því er lýst í 194. gr. Beri í þessu sambandi að leggja til grundvallar mat geranda á aðstæðum á verknaðarstundu og sé þannig ekki unnt að sakfella hann fyrir nauðgun ef hann hefur haft réttmæta ástæðu til að ætla að gagnaðili væri samþykkuð kynmökunum. Með frumvarpinu er lögð til sú breyting að samþykki verði í forgrunni skilgreiningar á nauðgun. Þannig verði lögð aukin áhersla á kynfrelsi og sjálfsákvörðunarrétt einstaklings hvað varðar kynlíf, líkama og tilfinningalíf með því að skilgreina nauðgun út frá því hvort samþykki hafi verið fyrir hendi eða ekki. Sú krafa sé gerð að samþykki fyrir samræði eða öðrum kynferðismökum hafi legið fyrir og það verið tjáð af frjálsum vilja. Er í frumvarpinu vísað til þessarar nýju nálgunar sem „samþykkisreglu, þ.e. að samræði eða önnur kynferðismök geti varðað refsingu ef skýrt samþykki til þátttöku í kynferðislegri athöfn liggur ekki fyrir.“ Í frumvarpinu er áréttað að með nefndri breytingu sé aðaláherslan lögð á hvort samræði eða kynferðismök hafi farið fram með vilja og samþykki þátttakenda. Ljóst sé að samþykki verði að tjá með orðum eða annarri ótvíræðri tjáningu. Það þýði að gefa þurfi samþykki til kynna eða að virk þátttaka í tiltekinni athöfn verði túlkuð sem samþykki af hálfu annars eða annarra þátttakenda. Ekki verði gerð sú krafa að þátttakandi mótmæli eða sýni móttöðu gagnvart þátttöku í kynferðislegri athöfn og ekki megi túlka algert athafnaleysi sem vilja til þátttöku.

#### 4.

Ákærði og brotþoli eru ein til frásagnar um aðdraganda þess að hann fór heim til hennar laust eftir kl. 04:30 aðfaranótt sunnudagsins 8. september 2019 og um það sem síðan gerðist í svefnherbergi brotþola. Af skýrslugjöf ákærða hjá lögreglu verður ekki annað ráðið en að hann hafi ákveðið að fara heim til brotþola þegar fyrir lá að hún væri komin heim. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa spurt brotþola hvort hann mætti kíkja í heimsókn, hún hvorki svarað honum af eða á og ákærði því ákveðið að fara til hennar. Brotþoli greindi lögreglu frá því að hún hafi sagt ákærða frá því gegnum síma að hún væri komin heim, hann þá slitið samtalinu og skömmu síðar verið mættur heim til hennar. Samrýmist sú frásögn framburði brotþola fyrir dómi um að ákærði hafi ekki boðað komu sína, hún heldur ekki boðið honum í heimsókn og hann því birst óvænt heima hjá henni. Ákærði var ölvæður við komu. Af framburði beggja má ráða að þau hafi talað saman í einhverja stund. Brotþoli hefur verið stöðug í þeim framburði að hún hafi í

framhaldi sagt ákærða að fara að sofa og hún því næst farið inn á baðherbergi til að þrifa af sér andlitsfarða, bursta tennur og klæða sig í náttföt. Þau greinir ekki á um að brotaþoli hafi verið allengi inni á baðherberginu og meðal annars átt myndsímtal við C systur sína. Í málinu liggur fyrir að umrætt símtal varði í 17 mínútur. C hefur borið fyrir dómi að meðan á samtalinu stóð hafi hún séð brotaþola í náttreyju og styður það framburð brotaþola, bæði hjá lögreglu og fyrir dómi, um að hún hafi klætt sig í náttreyju, nærbuxur, síðar náttbuxur og sokka áður en hún fór inn í svefnherbergi og lagðist upp í hjónarúmið við hlið ákærða. Frásögn brotaþola um hvernig hún var klædd fær einnig stoð í vitnisburði E læknis, en hún bar fyrir dómi að brotaþoli hafi verið í dökkum náttfötum og úlpu þegar hún kom á sjúkrahús um kl. 16 á sunnudeginum. Frásögn brotaþola fær enn fremur stoð í vitnisburði D lögreglumanns, sem bar fyrir dómi að brotaþoli hafi afhent honum plastpoka með þeim náttfötum sem hún var í um nóttina. Samkvæmt framlögðum ljósmyndum er um að ræða nærbuxur, svartar síðar náttbuxur, rauða hálmerma náttreyju og þykka sokka. Brotaþoli kveðst hafa tekið þennan fatnað til hliðar eftir að hún kom heim af sjúkrahúsinu, sett þau inn í þvottahús og síðan afhent lögreglumanninum. Telur dómurinn frásögn þessa trúverðuga og renna styrkum stoðum undir þann framburð brotaþola að hún hafi verið íklædd svörtum síðum náttbuxum, rauðri hálferma náttreyju og þykkum sokkum þegar hún lagðist upp í rúmið við hlið ákærða. Að gættum þessum atriðum þykir framburður ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi um að brotaþoli hafi lagst upp í rúmið í nærbuxum og silkináttkjól einum klæða svo ótrúverðugur að á honum verður ekki byggt.

Þegar framangreind atriði eru virt heildstætt telur dómurinn ekkert fram komið í málinu, sem gefið hafi ákærða réttmæta ástæðu til að ætla að til kynferðislegra athafna myndi koma milli hans og brotaþola þegar hún lagðist upp í hjónarúmið við hlið hans. Frásögn ákærða og brotaþola um vinasamband þeirra, sem rakin er í I. kafla að framan, styður þessa ályktun dómsins.

## 5.

Kemur þá til skoðunar hvort aðstæður hafi breyst eftir að brotaþoli lagðist upp í rúmið og þá með þeim hætti að ákærði hafi með réttu mátt ætla að hjá brotaþola hafi kviknað kynferðislegur áhugi á honum og hún væri samþykk og viljug til kynferðislegra athafna.

Brotaþoli hefur frá upphafi verið stöðug í þeim framburði að ákærði hafi legið á annarri hlið hjónarúmsins, með sæng hennar yfir sér og hún lagst á hina hlið rúmsins og

dregið yfir sig teppi. Þau hafi síðan hlustað á tónlist og talað saman í um 5 mínútur samkvæmt framburði hennar fyrir dómi, hún því næst kveikt á 30 mínútna lagalista með rólegum lögum, boðið ákærða góða nótt, snúið sér á vinstri hlið, með bakið í ákærða og sofnað stuttu síðar. Brotapoli staðhæfir að fram til þess tíma hafi líkamar þeirra ekki snerst, hún ekki snert ákærða með höndum og hann ekki snert líkama hennar. Þegar hún svo vaknaði hafi lagalistinn verið búinn, ákærði legið þétt upp við og nánast ofan á hægri hluta líkama hennar, hann verið að anda eða stynja í eyra hennar og með fingur inni í leggöngum hennar.

Þegar ákærði gaf sína fyrri skýrslu hjá lögreglu sagði hann brotapolu hafa lagst undir sæng við hlið hans í rúminu, snúið baki í hann, hvílt á vinstri handlegg hans og þau byrjað að kúra saman. Um 5 mínútum síðar hafi ákærði fært hönd sína rólega niður að kynfærasvæði brotapola, þess fullviss að brotapoli væri vakandi, farið inn fyrir nærbuxur hennar, nuddað og strokið kynfæri og sett einn fingur örstutt inn í leggöng hennar. Þegar hún sýndi ekki merki um að hana langaði í ákærða kynferðislega hafi hann strax hætt. Við seinni skýrslugjöf hjá lögreglu greindi ákærði með sama hætti frá því að brotapoli hafi lagst undir sængina og snúið í hann baki og þau byrjað strax „að vera saman“. Þannig hafi þau legið þétt upp við hvort annað, ákærði skynjað eitthvað á milli þeirra, hann því fært hönd sína rólega niður á kynfæri brotapola og hún gefið frá sér smá hljóð, „svona ah“ og virst alveg til í hann. Sökum þessa hafi ákærði haldið áfram í smá stund, brotapoli ekkert sagt og ekki sýnt frekari viðbrögð og hann þá strax hætt. Fyrir dómi kvað ákærði brotapolu hafa rennt sér upp í rúmið til hans, snúið í hann baki og þau legið þétt saman með líkama sína þegar ákærði lagði aðra hönd sína á maga brotapola. Um 5-10 mínútum síðar hafi hann fært höndina rólega niður að kynfærum brotapola, strokið og nuddað kynfæri hennar og hún brugðist við með stunum. Ákærði hafi skilið þetta svo að hún væri viljug til kynmaka og því farið með fingur smá inn í leggöng brotapola. Þegar hún svo brást ekki við með frekari stunum hafi hann strax hætt og farið að sofa.

Við mat á trúverðugleika framburðar ákærða og því hvort hann hafi haft réttmæta ástæðu til að ætla að hjá brotapolu hafi kviknað kynferðislegur áhugi á honum eftir að hún lagðist upp í rúmið sitt ber að líta til þess að ákærði hefur aldrei haldið því fram að brotapoli hafi farið um hann höndum í rúminu, þau talað saman um að eiga kynferðislegt samneyti eða kysst hvort annað í aðdraganda þess að hann færði hönd sína á kynfærasvæði hennar. Þá liggur og fyrir það álit dómsins að hafna beri ótrúverðugri frásögn ákærða um náttklæðnað brotapola. Telur dómurinn þessi fjögur atriði draga



verulega úr líkindum þess að brotþoli hafi haft kynferðislegan áhuga á ákærða eða hann mátt ætla að svo væri. Að gættum sömu atriðum og með hliðsjón af stöðugum framburði brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi, sem dómurinn metur trúverðugan, þykir ekkert fram komið fyrir dómi sem bendir til þess að brotþoli hafi með orðum, athöfnum eða annars konar ótvíræðri tjáningu, gefið til kynna að hún væri samþykk því og hefði vilja til að ákærði færi inn fyrir nærbuxur hennar og setti fingur inn í leggöng hennar. Bendir framburður brotþola þvert á móti eindregið til þess að hún hafi þá verið sofnuð undir teppi og án líkamlegrar snertingar við ákærða. Fær þessi ályktun stoð í þeim framburði ákærða fyrir dómi að brotþoli hafi snúið í hann baki þegar hann lagði aðra hönd sína á maga hennar og færði síðan höndina, um 5-10 mínútum síðar, niður að kynfærum hennar, strauk og nuddaði kynfærin og sett fingur inn í leggöng brotþola. Það eitt að brotþoli hafi eftir atvikum gefið frá sér hljóð við athafnir ákærða gat undir þeim kringumstæðum er þarna voru ekki gefið honum réttmætt tilefni til að ætla að hún væri vakandi og samþykk kynmökum, enda liggur ljóst fyrir samkvæmt framburði þeirra beggja að brotþoli tók engan þátt í þessum athöfnum. Í ljósi alls þessa þykir frásögn ákærða af því sem gerðist í rúminu ótrúverðug og bera þess merki að hann freisti þess að fegra sinn hlut á kostnað brotþola.

Eins og áður segir hringdi brotþoli í B bestu vinkonu sína kl. 07:10 að morgni sunnudagsins og greindi frá því sem gerst hefði þá örskömmu áður. Þá sótti brotþoli son sinn í pössun laust eftir kl. 14 á sunnudeginum og greindi A fyrrum tengdamóður sinni frá atburðum. Sama dag greindi hún C systur sinni, M vinkonu sinni og hlutlausum lækni frá atvikum og ávallt á sama veg í öllum meginatriðum. Vísast um þetta til kafla II.-3 til II.-7 að framan. Sömu fimm vitni komu fyrir dóm og báru öll með trúverðugum hætti á þann veg að styðji eindregið frásögn brotþola um hvað gerðist í rúminu. Telur dómurinn engu breyta við sönnunarmat þótt ákærði hafi leitt foreldra sína og tvo vini fyrir dóm og þau borið um upplifun ákærða af atvikum, enda hlýddu þau ýmist nokkru eða löngu síðar á endursögn ákærða og báru með óljósum hætti um hans hlið mála. Verður frásögn foreldra hans og vina þannig hvergi nærri jafnað saman við frásögn áðurnefndra fimm vitna. Að þessu gættu og með hliðsjón af staðföstum og trúverðugum framburði brotþola þykir hafið yfir allan skynsamlegan vafa að ákærði hafi greint sinn brotið gegn 2. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga, með þeim hætti sem lýst er í ákæru, þegar hann notfærði sér svefndrunga brotþola og fór án hennar samþykkis með hönd sína inn fyrir buxnastræng hennar og stakk fingri inn í leggöng hennar. Breytir engu í því sambandi

þótt fyrst hafi komið fram hjá brotþola fyrir dómi að ákærði hafi á sama tíma verið að fitla við sjálfan sig, enda ráðast úrslit máls af því hvort sannað sé að ákærði hafi brotið gegn kynfrelsi hennar. Er ákærði því sannur að nauðgun í skilningi 194. gr. almennra hegningarlaga og ber að refsa honum samkvæmt því.

6.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Ákærði var 22 ára og brotþoli 24 ára þegar brotið var framið. Við ákvörðun refsingar ber að líta til þess að brotþoli leit á ákærða sem trúnaðarvin, treysti honum í hvívetna og átti sér einskis ills von þegar hún leyfði honum að gista í hjónarúmi hennar. Ákærði rauf þetta traust þegar hann notfærði sér svefndruna brotþola til að hafa við hana kynmök í rúminu. Fyrir liggur að ákærði var ölvaður, hrifinn af brotþola og óskaði þess að samband þeirra yrði annað og meira en náíð vinasamband. Ákærði hafði þó engan rétt til að yfirfæra eigin þrjár yfir í löngun brotþola til kynferðislegs samneytis við hann, svo sem hann gerði umrædda nótt. Af framburði brotþola og vitna er ljóst að framferði ákærða hefur valdið henni verulegri vanlíðan. Eins og málið liggur fyrir verður fallist á með ákæruvaldinu að ákærði eigi sér engar málsbætur. Þykir refsing hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi.

Eins og mál þetta horfir við dóminum hefur brot ákærða ekki aðeins markað djúp spor í sálarlíf brotþola heldur og sálarlíf ákærða og valdið þeim báðum miklu áfalli. Vinskapur þeirra virðist hafa verið náinn og þeim báðum mjög dýmætur. Þau áttu trúnað hvors annars og litu á hvort annað sem sinn besta vin. Bæði voru gersamlega niðurbrotin þegar þau gáfu skýrslur fyrir dómi og er það álit dómsins að eftir standi tveir laskaðir einstaklingar, sem líði enn í dag afskaplega illa og muni seint jafna sig á því sem ákærði gerði umrædda nótt. Framburður vina þeirra og fjölskyldumeðlima styður þá ályktun. Að öllu þessu gættu hefur dómurinn, eins og hér stendur sérstaklega á, verulegar efasemdir um að afplánun refsingar geti þjónað sérstökum hagsmunum brotþola eða almennum hagsmunum annarra. Þykir því rétt að ákveða að fresta fullnustu refsingarinnar þannig að hún falli niður að liðnum fimm árum frá dómsbirtingu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

7.

Samkvæmt greindum málsúrslitum ber að taka afstöðu til framlagðrar bótakröfu í málinu, en hún var birt fyrir ákærða 27. janúar 2020. Hann hefur verið fundinn sekur

um nauðgun og ber að greiða brotþola miskabætur á grundvelli b. liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Við mat á fjárhæð miskabóta er til þess að líta að brot af þessu tagi eru ávallt til þess fallin að valda þeim er fyrir verður vanlíðan og sálrænu tjóni, ekki síst þegar gerandi er besti vinur þolanda. Í bréfi F hjúkrunarfræðings 23. október 2019, sem rakið er í kafla II.-3 að framan, er greint frá mikilli vanlíðan brotþola fyrstu vikunnar eftir brotið, þ.á.m. alvarlegum einkennum þunglyndis og kvíða, sjálfsvígshugsunum, svefnörðugleikum, vanlíðan á eigin heimili og því að brotþoli forðaðist að fara út úr húsi. Einnig liggur fyrir vottorð O sálfræðings 4. nóvember 2020, en þar kemur fram að brotþoli hafi sótt meðferðar hjá sérfræðingnum og í fyrstu borið augljós og hamlandi einkenni áfallastreitu, sem höfðu áhrif á daglegt líf hennar. Meðferð hafi skilað árangri og góður bati náðst síðastliðið vor, en einkenni svo aukist í aðdraganda þess að mál þetta var tekið fyrir í dómi. Umsagnir sérfræðinganna tveggja samrýmast framburði vitnanna B, A, C og M, sem þekkja brotþola vel og hafa öll borið með líkum hætti um greinilegar breytingar á líðan og högum hennar í kjölfar brotsins.

Með hliðsjón af öllum atvikum að broti ákærða og vísan til þess sem að ofan greinir þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 1.500.000 krónur. Ber sú fjárhæð almenna vexti samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. september 2019 til 27. febrúar 2020, en frá þeim degi dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

## 8.

Samkvæmt 1. mgr. 235. gr. laga um meðferð sakamála skal dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, en til hans telst 26.000 króna útlagður kostnaður ákæruvaldsins, ferðakostnaður og þóknun Gunnhildar Pétursdóttur réttargæslumanns brotþola hjá lögreglu og fyrir dómi, þóknun Kristjáns Óskar Ásvaldssonar verjanda ákærða á rannsóknarstigi og ferðakostnaður og málsvarnarlaun Sigurðar Freys Sigurðssonar verjanda ákærða fyrir dómi. Þóknun Kristjáns Óskars Ásvaldssonar þykir hæfilega ákveðin 114.700 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls og að teknu tilliti til tímaskýrslu réttargæslumanns þykir þóknun hennar hæfilega ákveðin 877.920 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Með sömu formerkjum þykja málsvarnarlaun Sigurðar Freys Sigurðssonar verjanda hæfilega ákveðin 1.399.340 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 15.500 króna ferðakostnað réttargæslumanns og 62.620 króna ferðakostnað verjanda síns fyrir dómi.

Jónas Jóhannsson settur dómstjóri kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 18 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum fimm árum frá dómsbirtingu haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði Y 1.500.000 krónur í miskabætur með vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 8. september 2019 til 27. febrúar 2020, en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr. sömu laga til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda 877.920 króna þóknun Gunnhildar Pétursdóttur réttargæslumanns brotaþola og 15.500 króna aksturskostnað, 114.700 króna þóknun Kristjáns Óskar Ásvaldssonar verjanda síns hjá lögreglu, 1.399.340 króna málsvarnarlaun Sigurðar Freys Sigurðssonar verjanda síns fyrir dómi og 62.620 króna ferðakostnað sama verjanda.

Jónas Jóhannsson

Rétt endurrit staðfestir.  
Héraðsdómur Vestfjarða, 20.11.2020.